



Skýringar

Kótar eru í metrum en önnur mál í millimetrum.

Kaldvatnsheimæð
Kaldvatnsheimæðin skal vera úr PEH plasti (high density polyethylene) sbr. DIN 8074, þrýstiprep 10.

Leggja skal lögnina mitt í 50 cm sandlag og skal hún vera í hlífðarkápu (ídráttarröri) frá lóðarmörkum að kjallaravegg.
Við kjallaravegg skal lögnin enda í renniloka með spindli upp úr jörðu en frá honum liggur galvaniseruð járnleisla inn úr kjallaraveggnum.
Þessa leiðslu á að verja með asfaltborða er bræddur sé við lögnina.

Fráveitulagnir innhúss
Nota skal vottuð PP rör (polypropylene rör), vottuð steypujárnör eða vottuð steinefnabundin PP rör (í td. Raupiano plaströr frá Rehau). Einangra skal allar lagnirnar vandlega með 50 mm steinull sem síðan skal vefja vandlega með plastbandi.

Efni og frágangur skal vera í samræmi við ÍST-68.

Vatnslagnir innhúss
Þar sem allar lagnir liggja innan við einangrun útvegga er nægilegt að einangrun þeirra sé a.m.k. 5 mm þykk. Lagnaefni skal vera galvaniserað stál samkv. DIN 2440. Við öll hreinlætistöki skulu vera stoppkranar og á baðherbergjum skulu einnig vera vera hitastýrð blöndunartæki í badkerum og sturtum til þess að tryggja það að hitastigið á heita vatninu geti ekki orðið það heitt að það geti valdið húðbruna.

Öll blöndunartæki skulu vera í VA flokki 1 (LAP +/- 20 dB(A))

Efni og frágangur skal vera í samræmi við ÍST 67 og byggingareglugerð.

Kaldavatnslögn
Lagnaefni skal vera vottað galvaniserað stál samkv. DIN 2440.
Leiðstur skal vefja með sísalpappa en síðan skal einangra með þar til gerðum einangrunarhólkum. Þessir einangrunarhólkir skulu vera viðurkenndir af Brunamálastofnun ríkisins.

Heitavatnslögn
Lagnaefni skal vera vottað galvaniserað stál samkv. DIN 2440.
Leiðstur skal einangra með þar til gerðum einangrunarhólkum. Þessir einangrunarhólkir skulu vera viðurkenndir af Brunamálastofnun ríkisins.

Hitalagnir innhúss
Lagnaefni skal vera svart stál samkv. DIN 2440.
Þar sem allar lagnir liggja innan við einangrun útvegga er nægilegt að einangrun þeirra sé a.m.k. 5 mm þykk.

Einangrunarhólkarnir skulu vera viðurkenndir af Brunamálastofnun ríkisins.

Við alla ofna skal setja stillifé.

Efni og frágangur skal vera samkv. reglugerð Hitaveitu Reykjavíkur.

Útsog með sjálfsogi

Ú merkir loftrástistokk (sjálfso) úr minnst 0,5 mm þykum galvaniseruðum spirálörum.

Á enda loftrástistokka skal setja stillanlega ventila.

Sérhver útsogsstokkur skal enda í tvöfalldri einangradri þakfödu er sé með heitu.

Í þakryminu skal einangra alla loftrástistokkana vandlega með 2x50 mm steinull í tveimur lögum er skulu víxlleggjast þannig að einangrunarþykktin verði hvergi minni en 100 mm. Ennfremur skal vefja steinullina vandlega með plastfúk.

Allir loftrástistokkarnir skulu vera sívalir með þvermáli 100 mm.

Gólfhallar og niðurföll

Undir handlaugar og skolvaska skal setja gólfniðurföll með gegnumrennsti.

Gæta skal þess að gólfum halli að gólfniðurföllum.

Bygginguáttirni Hatnarfjarðar
Alfreidd Þórunn
07 225 1588
Sveinbjartur Halldórsson

FERILL
HOLTABYGGÐ 2

GRUNNMYND VATNS-, HITA- OG FRÁVEITULAGNA OG ÚTSOG

HANNAÐ: *Sveinbjartur Halldórsson* KT. SAMD. *Sveinbjartur Halldórsson*

VERKFRÉDSTOFAN FERILL EHF. F.R.V.
MÖRKIN 1 108 REYKJAVÍK
SÍM: 588-8570 FAX: 588-9084
NETFANG: ferill@ferill.is

BR. DAGS. HANNAÐ. SAMD.
01.12.98 VSV MKV 1:50 NR 764-3-01